

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundasvæðis í landi Háls, Kjósarhreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 4. október 2007 deiliskipulag fyrir frístundasvæði í landi Háls, Raðahverfi. Deiliskipulagið felur í sér að gert er ráð fyrir 69 frístundahúsum á 34,4 ha landi neðan Hvalfjarðarvegar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 8. október 2007.

Sigurbjörn Hjaltason oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2007